

**447. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 7. nóvember 2012
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ) 1. varamaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Marion Gisela Worthman (MGW) Varamaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

Vegna veikinda Eyrúnar oddvita boðar og stýrir Birna varaoddviti fundinum.

Dagskrá:

1. 1209034 - Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2012/2013

Bjarnveig vísar af fundi og Marion kemur inn.

Tálknafjarðarhreppur óskar ekki eftir undanþágu frá almennum reglum um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2012/2013.

Samþykkir að sömu skilyrði gildi fyrir úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2012/2013 og giltu fiskveiðiárið 2011/2012.

Samþykkt samhljóða.

2. 1210084 - Uppsögn á starfi framkvæmdarstjóra Tálknafjarðarhrepps

Marion vísar af fundi og Bjarnveig kemur inn.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir segir upp störfum sem framkvæmdastjóri Tálknafjarðarhrepps frá 1. nóvember. Er henni óskað velfarnaðar í því sem hún tekur sér fyrir hendur og Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps þakkar henni góð störf í þágu sveitarfélagsins.

Ákveðið að auglýsa starfið sem fyrst.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.
